

Umfjöllunarefni, aðgerðir til að sporna við brottfalli úr skólum.

Tackling Early School Leaving

CEDEFOB, Leonardo da Vinci programme.

Þátttakendur:

Marie-Christine Celaure skólastjóri í grunnskóla á La Reunion í Indlandshafi, Frakklandi.

Luz Quinonero Martínez skólastjóri frá Bilbao í Baskalandi, Spáni

Piret Torm-Mirontsik gæða- og kynningarstjóri við framhaldsskóla í Rakvere í Eistlandi.

Anja Preuveneers stuðnings og lagalegur ráðgjafi við grunnskóla í Flanders, Belgíu.

María Jesus Dominguez skólastjóri við unglingafangelsi í Valencia á Spáni.

Giuseppe Simplicio skólastjóri í grunnskóla í Cefalú á Sikiley, Ítalíu.

Kirsti Jolma ráðgjafi sveitarfélagsins vegna grunnskóla í Jarfalla við Stokkhólm í Svíþjóð.

Arno Bernhardt eftirlitsmaður og ráðgjafi skóla sem mennta fullorðna í Giessen við Frankfurt í Þýskalandi.

Massimo Bonaglia kennari og námsráðgjafi við grunnskóla í Tórínó á Ítalíu.

Thierry Bouchard skólastjóri grunnskóla á Martinique í Karabíahafi, Frakklandi.

Adrienn Györy vinnur við rannsóknir og ráðgjafastofnun í Budapest í Ungverjalandi.

Jóhannes Árnason kennari við VMA, Akureyri, Íslandi.



Vindmylla í Rotterdam, endurbyggð á nýjum stað 1990.

Föstudagur 8. mars 2013.

Ferðalagið hófst á Akureyri föstudag 8. mars um kl. 19.15 þegar Sólveig ók mér á flugvöllinn á Akureyri. Vélin fór af stað um 19.55 samkvæmt áætlun og við lentum í Reykjavík um 20.40. Þar var strekkingsvindur en sæmilega hlýtt, líklega 6°C. Árni Víðir sá um að ferja af flugvelli á Sóleyjargötuna og við spjölluðum í talsverða stund í kaffistofunni í kjallaranum á Sóleyjargötu (orlofsíbúðir KÍ). Ég gisti í K1 herbergi.

Laugardagur 9. mars 2013.

Vaknaði um kl. 4.20, örsnökkur morgunverður, ganga frá herberginu og röltu á BSÍ. Þaðan fór Flybus kl. 5.00. Flybus fram og til baka á BSÍ kostar 3.500 kr. Ég var búinn að innrita mig í farsímanum og fór bara beint í töskuafhendingu. Þar þurfti að sýna vegabréf og stúlkan setti töskumiðann á. Vopnaleytið og fríhöfn.

Ástæða þess að ég ferðaðist á laugardegi til Amsterdam er fargjaldastefna Ícelandair. Það virðist mun ódýrara að vera að heiman aðfaranótt sunnudags. Þar munar mun meiru en ég greiði fyrir gistingu eina nótt.

Vélin fór svo af stað til Amsterdam um kl. 7.50 eða um 10 mínútum seinna en áætlað var. Vélin var ekki alveg full þannig að meðal annars ég var í þeirri aðstöðu að við vorum tveir

með eitt autt sæti á milli okkar. Sessunautur minn var Sölvi Axelsson flugstjóri sem býr á Taivan og flýgur hjá Eva Air. Það er stórt flugfélag, sérstaklega í vöruflutningum. Hann hafði mikinn áhuga á að spjalla og við ræddum margt. Hann hafði mjög mikinn áhuga á tækni og framförum í vísindum og gaman að heyra það sem hann var að hugsa um. Við lentum á Schiphol á um það bil réttum tíma eða 11.45 að staðartíma eftir tæplega þriggja tíma flug.

Við Sölvi vorum samferða í gegnum flugstöðina, biðum reyndar um 30 mínútur eftir töskunum. Hann var að fara í lest eins og ég en átti ferð seinna. Við keyptum miða á jarðhæð en lestarstöðin er hreinlega í anddyri flugstöðarinnar. Þar fer maður niður að hverju lestarspori úr anddyrinu. Lest frá Schiphol til Delft er um 40 mínútur á leiðinni og fargjaldið fram og til baka er 19.20 Evrur.

Delft er gömul borg, talað er um að hún hafi orðið til um 1400. Delft er fyrrum konungssetur. Þar bjó Vilhjálmur af Óraníu og hann var myrtur þar 1584. Aðrir þekktir einstaklingar frá Delft eru Johannes Vermeer listmálari og Anthoni van Loevenhoek sem var fystur manna til að smíða smásjá og lýsa því sem fyrir augu bar. Sjá

<http://is.wikipedia.org/wiki/delft>

Við lestarstöðina í Delft eru stórframkvæmdir. Þar er verið að grafa skurð í gegnum borgina. Þar var síki áður og þar munu lestarteinar verða neðanjarðar í framtíðinni. Meðal annars er stóreflis vindmylla eitt af kennileitum borgarinnar. Henni var lyft til að göngin fyrir lestina kæmust undir.

Ég gekk með töskuna í eftirdragi um það bil 1 km í gegnum þröngar götur með síkjum og markaði að Hotel de Koophandel sem er í miðjum gamla miðbænum. Herbergið var rúmgott, á þriðju hæð undir súð. Kom á hótelið um kl. 15.



Prinsenhof höllin og súla sem minnir á Delftware leirker / "postulín".

Ég var einhvernvegin ekki til í að hírast inni þannig að ég fór af stað að labba. Það var nokkurra stiga hiti og smá rigning, ekki sérlega skemmtilegt veður. Samt var talsvert margt á markaðinum og talsvert að gera í verslunum.

Þegar ég kom á hótelið hitti ég Adrienn sem var líka að taka þátt í námsheimsókninni. Við ákváðum að hittast í morgunmat og fara svo saman að skoða okkur um næsta dag. Eftir kvöldverð: skrifa ferðasögu, lesa gögn um dagskrána og svara tölvupósti.

Sunnudagur 10. mars 2013

Ég vaknaði margoft við kirkjuklukkur um morguninn en sofnaði jafnharðan. Lá við að ég missti af morgunverði.

Hitti Adrienn frá Ungverjalandi og við fórum af stað út í bæ um kl. 10.30.

Tveggja mínútna gang frá hótelinu er upplýsingastofa ferðamanna en þar kom í ljós að það borgaði sig ekki að kaupa einhvern dagpassa. Það var svo margt lokað sem við hefðum átt að skoða. Við byrjuðum í Prinsenhof eða gamalli konungshöll. Þar er nú mikið safn um sögu Delft. Vilhjálmur af Óraníu var skotin þar 1584 og var fyrsti þjóðhöfðinginn í heiminum sem var myrtur með skambyssu, líklega ekki sá síðasti. Tvær af kúlunum (alls þrjár) fóru inn í vegg á bakvið Vilhjálmi eftir að hafa farið í gegnum hann. Það má ennþá sjá götin í gipsinu eftir kúlurnar, líklega búið að endurnýja allt annað gips á veggjunum síðan. Safnið er tileinkað Vilhjálmi og sögu konunga í Niðurlöndum. Svo er mikið fjallað um listmálara enda nánast allt myndefni annað hvort frummyndir af fólki eða eftirprentanir sem sýna borgina eða fólk í borginni á mismunandi tímum, auðvitað er minnst á Johannes Vermeer. Að lokum er heilmikið gert úr Delftware sem er ekki postulín heldur leirker með postulínsáferð eða að minnsta kosti eru þau skrautlega handmáluð og voru lengi helsta framleiðsluvara Delft.



Uppstilling í Prinsenhof safninu til að sýna dæmi um Delftware.

Eftir að hafa verið í tvær klukkustundir í Höllinni gengum við um í talsverða stund og förum svo í Vermeer miðstöðina. Þar er fjallað um list Johannesar Vermeer sem lifði á 17.öld og er þekktur fyrir hvernig hann vinnur með ljós og annað í málverkum. Við lærðum mikið um manninn og fjölskyldu hans en ekki síður um viðfangsefni og tækni málaranna á þessum tímum. Frábært safn eða sýning.

Eftir þetta fengum við okkur að borða og svo var tími fyrir smá göngu í viðbót áður en ég fór á herbergið að sinna ýmsu.

Formleg dagskrá hófst kl. 19.00 með smá fundi í morgunverðarsal hótelsins. Þar komu starfsmenn CINOP sem skipuleggja dagskrána. Tonnie, Peter og Peter. Við förum yfir hópinn og dagskrána. Svo kl. 20 var kvöldverður í boði Menntamálaráðuneytisins í Hollandi. Þrýðilegur matur og spjall. Ég ræddi mest við tvær Maríur og Giuseppe. Hann er frá Sikiley, Ítalíu og önnur María er frá Valencia á Spáni en hin er frá Bilbao í Baskalandi.

Kvöldverðurinn búinn um kl. 22 og svo tölvupóstur og fleira.

Mánudagur 11. mars 2013.

Vaknaði einhverntíma við kirkjuklukkur (sumir í hópnum vöknðu á klukkutíma fresti alla nóttina við kirkjuklukkurnar).

Morgunmatur og farið af stað af hótelinu. Við gengum í þrjár eða fjórar mínútur til móts við smárútuna. Svo var ekið til Haag (Den Haag). Reyndar þurftum við að bíða í einhverjar mínútur meðan nautgripabréið var uppi því þrætti var að sigla um skurðinn og brúin var hífð upp á meðan. Ég hefði giskað á að það væri ekki gert þegar mesta morgun umferðin er í gangi. Það er greinilegt að margir hjóla. Fjölmörg reiðhjól eru á ferðinni, aðallega það sem við myndum kalla gamaldags reiðhjól. Það er greinilegt að unga fólkið (unglingarnir) á hjóli er líka á þessum gamaldags hjólum. Lúti af skýringunni er að þau hverfa síður en ný dýr hjól.

Við ókum eftir hraðbraut til Haag. Það var stutt ferð en þegar í borgina var komið var umferðin mjög hæg. Við enduðum í miðborginni þar sem ráðuneytin eru komin í ljót háhýsi með fallegar byggingar í kring. Líklega er verið að nota landið betur með þessum háhýsum en þessi sjóndeildarhringur er hreinlega ekki fallegur miðað við eldri byggingarnar. Við þurftum að sýna vegabréf og fá sérstök skilti til að komast í gegnum sjálfvirku öryggishliðin. Það er reyndar ekki þannig að menntamálaráðuneytið þurfi að vera svona sérstaklega varið en einhver leynipjónustudeild eða hluti af utanríkisráðuneytinu eða dómsmálaráðuneytinu er líka í byggingunni þannig að það eru gerðar miklar varúðarrástafanir.



Í menntamálaráðuneytinu, frá vinstri, Giuseppe og Massimo að kynna sig.

Við fórum á þriðju hæð en síðar fórum við uppá 15. hæð og nutum útsýnisins frá kaffistofu starfsmanna þar. Samt vorum við alls ekki komin alveg efst.

Við eyddum deginum í umræður og fyrirlestra. Við kynntum okkur hvert fyrir öðru, bæði okkur persónulega og síðar ákveðin atriði sem við vildum benda á og tengdust umræðuefninu, hvað er hægt að gera varðandi brottfall úr skóla?

Við byrjuðum á að hlusta á tvo fyrirlesara úr ráðuneytinu, Peter van Ijsselmuiden um menntakerfið í Hollandi og Martine Soethout um aðgerðir gegn brottfalli úr skólum. Hvort tveggja áheyrilegir fyrirlestrar og mjög skýrir.

Hollendingar nota próf og fleira til að skoða stöðu nemenda við 12 ára aldur. Eftir það skipta nemendur um skólastig og þar fara þeir leiðir sem ráðast að nokkru leyti af stöðu þeirra í námi. Til eru

skólar VWO sem miða við að undirbúa fyrir háskólanám WO. VWO er sex ára nám með útskrift 18 ára. Svo eru almennir menntaskólar HAVO sem leiða aðallega til starfsnáms á háskólastigi HBO og svo eru VMBO þar sem nemendur með lægri einkunnir í bóklegu taka undirbúning fyrir



Í Den Haag. Í baksýn eru nýjar ráðuneytisbyggingar en nær er gamla aðsetur ríkistjórnar og forsætisráðherrann hefur aðsetur þar.

verknám, MBO, aðallega. VMBO er yfirleitt til 16 ára aldurs. Þannig er unglingastigið sem við könnumst við í grunnskóla í þremur mismunandi skólum. Það eru reyndar ekki endilega mjög skýr mörk og miðað er við að fyrsta árið sé til prufu til að skoða hvort skólinn henti nemandanum. Þannig hafa þeir sem hlekkst á um 12 ára aldur tækifæri til að færa sig nær akademísku námi og þeir sem voru metnir öflugri á bóklega sviðinu en síðar kemur í ljós geta fært sig nær verklegu eða öðru minna bóklegu námi. Vissulega eru síðan mjög öflugir nemendur í verknámi og þeim er alls ekki ráðið frá því. Við sáum líka síðar dæmi um nemendur sem völdu verknámsleiðir þótt þeir hefðu greinilega getað valið hvað sem var.



Í menntamálaráðuneytinu, Peter van I. og Martine S. ásamt þátttakendum.

Annar fyrirlestur fjallaði um viðbrögð við brottfalli. Þar talaði Martine Soethout. Varðandi brottfall hefur náðst verulegur árangur í Hollandi á undanförunum árum. Með því að nota sameiginlegan gagnagrunn um námsgengi nemenda, (INNA með fleiru) staðbundnar ráðstafanir til að bregðast við ákvenðum aðstæðum og með því að auka ráðgjöf til skóla, kennara og nemenda hefur tekist að draga úr brottfalli. Meira að segja svo mikið að sérstaka deildin um brottfall sem var stofnuð fyrir nokkrum árum verður sameinuð annarri deild í menntamálaráðuneytinu. Hér er greinilega ýmislegt að læra. Hér vísast til skýrslu sem JÁR fékk um þetta.

Við kynntum svo ýmislegt frá okkar heimasvæðum varðandi brottfall. Bæði við hvað er að glíma og hvað hefur tekist vel. Ég setti fram að það að nýta sér upplýsingar um nemendur væri mikilvægt og nota þá alvöru upplýsingar um einstaka nemendur og að nota sér fjölbreytni í verknámi í NSK áfanganum hefði gefist vel við að koma til móts við nemendur sem eiga erfitt.

Um kl. 15 var fundurinn búinn og við gengum út í ískalda goluna. Það var talsverð gola og hitinn 1 – 2°C. Við gengum í gegnum miðborg Haag. Fórum framhjá þinghúsi og skrifstofu (höll) drottningar (sem stígur niður og Willem



Panorama Mesdag. Sjóneildarhringurinn málaður allan hringinn.

sonur hennar tekur við síðar í mánuðinum). Við enduðum svo í því sem kallast Panorama Mesdag. Þar hafði listmálarinn Hendrik Willem Mesdag ásamt fleirum, málað hringmynd inn í stóran hringlaga sal. Þetta var gert árið 1881. Maður kemur upp í miðjunni og horfir á hringinn í kring þar sem sést strönd og inn í land eins og það var árið 1880. Þetta er stórfurðulegt og mjög athyglisvert. Í safninu var líka sýning á málverkum (að hluta til í prívídd) eftir Paul Critchley frá Englandi. Mjög mikil þæling um raunveruleikann og prívíddina.

Rútan kom kl. 17 og við vorum aftur í umferðarflækju á leið frá Haag. Komin að hótelinu um kl. 18.

Ég var í þeim hópi sem tók að sér að taka saman skýrslu um þennan dag til að nota í hópskýrslu um námsheimsóknina. Svo fórum við saman í kvöldverð á veitingahúsinu Vlaanderen.

Þriðjudagur 12. mars 2013.

Morgunverður og farið af stað í rútu kl. 8.00. Ekið til Rotterdam og stundum í miklum bílalestum og þar áfram austur til s-Hertogenbosch (den Bosch). Ferðin tók um það bil 90 mínútur.

Í miðborg s-Hertogenbosch fórum við í heimsókn til borgarinnar, í húsnæði borgaryfirvalda í miðbænum. (Líklega ekki ráðhúsið samt.) Þar tóku á móti okkur tveir herra menn, Theo van de Veerdonk og Ton van den Bersselaar.

Þeir fræddu okkur um ýmis samstarfsverkefni og hlut bæjarfélagsins í að efla samstarf skóla og fyrirtækja um starfsmenntun á svæðinu. Þar komu fram ýmsir athyglisverðir punktar og sjónarmið sem koma fram í glærusýningum þeirra félaga. Samstarfsnetið þar sem sveitarfélagið, skólarnir og leiðandi fyrirtæki vinna saman var einna mikilvægasti hlutinn af því sem þeir ræddu um.

Við fengum góðgæti frá s-Hertogenbosch, Bosch bollur, þunnar vatnsdeigsbollur fullar af rjóma og húðaðar með súkkulaði. Þær voru á stærð við bolludagsbollurnar okkar og hver svona bolla var að minnsta kosti jafn saðsöm og tvær bollur á kennarastofunni í febrúar.

Um kl. 12.30 löbbuðum við svo af stað í gegnum miðbæ s-Hertogenbosch að Koning Willem 1 College sem er nokkurskonar VMA svæðisins. Þar byrjuðum við í hádegismat í kaffistofunni sem matvælabrautin í skólanum rekur.



Tonnie van Opstal leiðsögukona og Peter van Deursen frá Cinop að borða Bosch bollur.



Hluti hópsins á göngu í kaldri golu um miðbæ s-Hertogenbosch.

Svo fórum við í hús sem kallast skóli fyrir framtíðina. Mér datt satt að segja í hug að VMA ætti að skoða að nota slík orð sem einkunnarorð. Halda því fram að verkkunnátta í bland við sköpun og þekkingu sé það sem við þurfum í framtíðinni. Verkkunnátta, mögnuð sköpun og afburða þekking fyrir framtíðina.

Við vorum í herbergi með óvenjulegum innréttingum og fengum að kynna hugmyndum um að það að skapa, nýta mismunandi hæfileika og læra um það hvernig við hugsum sé það sem mun nýtast í framtíðinni sem enginn veit hvernig verður. Það var eyndar sorglegt að Harry van der Schans sem ræddi um það var með alltof margar glærur og talaði alltof hratt þótt það væri af mikilli ástríðu. Það varð til þess að aðalatriðin fóru fyrir ofan garð og neðan hjá mér.

Við heyrðum líka um Success Class fyrir nemendur sem eiga að geta lokið námi, (nemendur í 3 – 4 þreps námi) þeir hafa námsgetuna til þess en gefast upp. Mér datt í hug að hér væri á ferðinni hópur sem við könnumst vel við. Nemendur sem geta margt en finna sig ekki.

Við heyrðum líka um aðrar leiðir sem þessi skóli fer til að bregðast við brottfalli og aðstoða þá sem eiga erfitt. Til dæmis er Start klass sem er ætlaður nemendum sem stríða við námsörðugleika

Að þessu loknu var frítími í miðbæ s-Hertogenbosch. Hitinn ca -2°C, töluverð gola og nánast enginn á ferli. Við skoðuðum risastóra dómkirkju, þar var jafnvel kaldara en úti. Svo fór fólk í verslanir og á kaffihús og fleira. Um kl. 17.30 ókum við af stað til Delft. Aftur um 90 mínútna ferð. Smá vinna við skýrslugerð og kvöldverður á veitingahúsi við hliðina á hótelinu. 12 metrar milli dyra.

Aðeins of langur dagur og allir orðnir úrvinda.

Miðvikudagur 13. mars 2013.

Morgunverður og rúta kl. 8.15. Við ókum til Rotterdam, nánar tiltekið Delfhaven. Morguninn var í umsjá nemenda við Albeda College sem er verkmenntaskóli. Fyrst stoppuðum við þar sem rekin er miðstöð til að vinna með hverfinu. Hverfið var áður til vandræða, fátækt, vændi, glæpir. Borgin ákvað að reyna að hjálpa eigendum byggingaog þeim sem reka starfsemi að breyta umhverfinu. Albeda skólinn tekur þátt með því að skólinn rekur miðstöð þar sem nemendur í vinnustaðanámi taka að sér ýmis verkefni í hverfinu. Verkefnið kallast Scholingswinkel.



Harry van der Schans með okkur í kennslurými sem ætlað er að vekja sköpun og nýjar nálganir.

Nemendur sem eru að læra gluggaústillingar taka að sér að aðstoða verslunareigendur við að stilla út í gluggum. Nemendur sem eru að læra viðburðastjórnun taka að sér að skipuleggja hátíðir í hverfinu fyrir skóla, leikskóla og slíkt. Þá eru líka oft fengnir til aðstoðar fleiri nemendur úr skólanum þannig að þeir nemendur sem eru í vinnustaðanáminu í hverfismiðstöðinni segja hinum hvað þarf að gera. Þannig eru nemendur í vinnustaðanámi sem kemur hverfinu til góða.

Nemendur úr

vinnustaðanámsmiðstöðinni fylgdu okkur um hverfið og meðal annars þangað sem skólinn er með eina skólastofu í miðju hverfinu. Þar er reynt að ná í nemendur sem ekki eru í skóla og ekki hafa lokið neinu skilgreindu námi í framhaldsskóla, það verkefni kallast "Seller in the district". Þarna eru fyrst og fremst einstaklingar eldri en 18 ára og eru í vinnu. Samið er við þá um að koma í skóla einn dag í viku og vinna þannig að því að ljúka áföngum sem telja inn í ákveðnar námslínur sem til eru og tengjast oft því sem viðkomandi eru að vinna við. Kennslan er tvo morgna í viku eða slíkt og þar er fengist við tungumál og almenn bókleg fög yfirleitt en verklega námið fer fram á vinnustaðnum.

Að lokum lýkur nemandi námi á fyrsta eða öðru level. Eftir það eru sumir nemendur komnir af stað og hafa öðlast sjálfstraust eða eru búnir að átta sig að þeir geta stundað nám. Það þýðir þá að viðkomandi fer í skóla í fullt nám eða einhverskonar blöndu af vinnustaðanámi og skólanámi á þriðja eða fjórða level. Hér er reyndar um að ræða að þrepin eru einu hærri en sömu námsþrep á Íslandi. Nám á fjórða level í Hollandi er á þriðja þrepi á Íslandi.

Eftir kynningu og umræður um þetta fórum við í gönguferð og skoðuðum okkur um við síki og sáum meðal annars vindmyllu af gömlu gerðinni.

Rútan sótti okkur og við ókum til

Haag. Þar fórum við inn í leikvang knattspyrnuliðsins ADO Haag. Komin þar um kl. 12.30 og fengum hádegisverð.



Nemendur sem fylgdu okkur í göngu um Delfshaven í Rotterdam. Þau eru nálægt því að útskrifast og eru í vinnustaðanámi í miðstöð skólans til að styrkja hverfið.



Dæmi um umhverfið í Delfshaven í Rotterdam.

Svo tók við kynning á verkefninu "Playing for success". <https://portal.playingforsuccess.nl>

Þar er um að ræða enskt verkefni en nú er það notað hjá 16 knattspyrnuliðum í Hollandi. Skólar vinna með knattspyrnuliði og skólarnir velja nemendur sem þeir vilja að fái stuðning, þeir eiga erfitt, fá litla athygli í skólanum eru hugsanlega beittir einelti eða á annan hátt í þeirri stöðu að þeir gætu horfið í skólanum og hugsanlega hætt í skóla. Þetta er fyrir nemendur 9 – 13 ára.



Machiel van de Laar til vinstri og Nicole Pont kynntu "Playing for success" í herbergi stjórnar knattspyrnufélagsins ADO í den Haag.

Nemendur koma úr skólanum eftir skóla og eru í tvo klukkutíma við að vinna ýmis verkefni til að efla þá. Þeir eru ekki í fótbolta. Ástæðan fyrir því að þetta er gert á fótboltavelli er að ætlunin er að fá fram WOW áhrifin sem margir finna fyrir þegar þeir koma inn á fótboltavöll eða á einhvern annan stað þar sem fólk finnur fyrir umhverfinu. Á einhverjum stöðum er unnið með leikhúsum eða öðrum stöðum sem fólk finnst gaman að heimsækja. Umhverfið er spennandi en markmiðið er að efla grunnfærni í lestri og reikningi ásamt því að gefa sköpunargleði og frumkvæði tækifæri. Þetta var mjög athyglisverður fyrirlestur og við fengum svo smá WOW með því að skoða völinn. Það voru þau Machiel van de Laar sem kemur frá verkefnisstjórninni í Hollandi og Nicole Pont sem stýrir verkefninu hjá ADO í Haag sem kynntu okkur verkefnið. Eftir fund um skýrslugerð hópsins var ekið til Delft og komið þar um kl. 17.

Um kl 18 voru flestir úr hópnum komnir í morgunverðarsalinn og þar var unnið að því að útbúa skýrslu hópsins. Við fórum svo saman í kvöldverð kl. 20 á ítalskan stað, Stromboli. Ítalirnir voru í essinu sínu og ekki bara vegna matarins heldur vegna nýja páfans. Giuseppe, 62 ára skólastjóri frá Sikiley talar litla ensku en mjög skýra ítölsku og hægt þannig að flestir skilja heilmikið. Við höfum kallað hann Papa Giuseppi undanfarna daga. Eins og alltaf verða fjörugar umræður yfir matnum, það tekur um tvo tíma með uppgjöri og slíku.



Á leikvangi ADO í den Haag.

Fimmtudagur 14. mars 2013.

Morgunverður og rúta kl. 8.30. Við ókum til Utrecht sem er norðar og bara 40 mínútna ferð frá Amsterdam. Í Utrecht vorum við á fundi á 17. hæð þar sem eru skrifstofur CINOP sem er fyrirtækið sem er landsskrifstofa Leonardo starfsmentaáætlunarinnar og sér um að skipuleggja námsheimsóknir. Við hittum Szilvia Simon og þrjá nemendur. Hún sér um það sem kallast Mentoring í norðurhluta Hollands, Frieslandi. Þau lýstu því í hverju þetta felst og notuðu meðal annars hópavinnu. Þetta var góð kynning en þó fór hún dálítið úrskeiðis vegna þess að Szilvia vildi nota hugbúnað sem ekki gekk alveg sem best. Þeim tókst ágætlega að koma þeim skilaboum til okkar að fósturun eða það að útvega nemanda persónulegan fóstura eða fósturu skilar miklum árangri í persónulegum þroska viðkomandi.

Við borðuðum hádegisverð, alla dagana fólst hann í samlokum eða brauðbollum með áleggi af ýmsu tagi, súpu, ávöxtum og mjólk og öðrum drykkjum.

Eftir hádegisdag fékk hópurinn um það bil klukkutíma til að vinna með lokaskýrslu hópsins og það skilaði talsverðu. Adrienn frá Ungverjalandi tók að sér að koma því sem búið var að gera saman í skjal.

Við kvöddum svo Peter og skiluðum hluta hópsins á lestarstöðina, meðal annars Tonnie van Opstal sem var með okkur allan tímann og sá um skipulagningu og allt sem varðaði það að allt gengi smurt.



Kirkja í Delft, turninn var á tímabili hæsta bygging Hollands. Hún stendur við helsta torg Delft.

Við komum svo til Delft um kl. 15.

Þá fórum við nokkur saman að lestarstöðinni, bæði til að fá miða og til að átta okkur á því hvernig væri best að komast þangað því þar í kring eru miklar framkvæmdir. Svo var aftur farið í kvöldverð á Stromboli og borðaður ítalskur matur.

Föstudagur 15. mars 2013.

Morgunverður, pakka í tösku og af stað á lestarstöðina. Við Giuseppe vorum samferða og tókum sömu lestina til Schiphol. Hún átti að fara 9.05 en var um það bil 10 mínútum of sein, líklega vegna ísingar sem getur tafið fyrir því þegar sporin eru færð til þegar lestir skipta um spor. Lestin var 40 mínútur á leiðinni og við komnir á Schiphol um kl. 10.

Innritun hófst ekki fyrr en kl. 10.30. Ég fékk viðtal við tvö pör af nemendum frá ROC Amsterdam, þ.e. Verkmenntaskóla og það voru nemendur í ferðamannþjónustu sem höfðu fengið það verkefni að taka viðtöl við farþega. Ég svaraði spurningum um hvert ég

væri að fara, hvaðan ég kom, hvaða tilgangur var með ferðinni og hvað mér fannst um Nederland og um fólkið.

Það var gaman að sjá þessa krakka og ég fór að hugsa um að við ættum nú að skoða vel að hafa hagnýta ferðapjónustu í boði hjá okkur í VMA, ekki bara fræðilega eða eingöngu matvælatenginguna heldur bjóða nám sem bæði væri hagnýtt og leiddi líka til háskólanáms ef fólk vill það.

Ég hafði nógan tíma á flugvellinum, Schiphol er aðlaðandi flugvöllur en mjög stór. Það fór að snjóa en ekki mikið og festist ekki á jörð.

Flugið til Keflavíkur fór af stað um kl. 13.40 eða um það bil 20 mínútum of seint.

Lentum í Keflavík um kl. 15.40 og þá var fríhöfn og farangur og rúta til Reykjavíkur.

Flugið til Akureyar var svo kl. 19.30 og kominn heim um 20. 30

Vona að einhver hafi nennt að lesa smá parta. Þessi ferðasaga er eingöngu skrifuð fyrir mig til að muna hvað ég var að gera og eiga smá hugleiðingar um það. Hér vantar heilmiklar hagnýtar upplýsingar og auðvitað mikið af upplýsingum sem komu fram í fyrirlestrum þeirra sem við hittum.

Námsheimsóknir eru mjög öflug tækni fyrir fólk að sökkva sér ofaní einhver málefni og læra af þeim sem taka á móti og þeim sem eru í hópnum. Það má fullyrða að margir í hópnum lærðu mjög mikið um hugsanlegar aðgerðir við brottfalli úr skólum, þar á meðal ég.



Í búningsklefa ADO den Haag.

Ég trúi því að yfirvöld menntamála, bæjaryfirvöld, skólar, kennarar, félagasamtök og hugsanlegir vinnustaðir muni leggjast á eitt við að leita margvíslegra leiða til að bjóða öllum nemendum nám sem hentar þeim og hefur bæði hagnýtt gildi fyrir nemendur og þjóðfélagið í heild.

Sjá vefsíðu heimsóknarinnar:

<http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Studyvisit230>

JÁR